

# HÚSÖNDIN

16.tbl. 4.árg.  
4. maí 2021

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 5. – 26. MAÍ

6.5. Sigríður Stefánsdóttir

7.5. Halldór Árnason

8.5. Bárður Jón Gunnarsson

9.5. Sigrún Sverrisdóttir, Kristín A. Sigurðardóttir Hammer

10.5. Helgi James Þórarinnsson

11.5. Fannar Rafn Gíslason

13.5. Karel Studenovský, Hildur Ásta Þórhallsdóttir

14.5. Karl Viðar Pálsson

15.5. Björn G Yngvason

16.5. Ásgeir Bogi Ásgrímsson

18.5. Egill Freysteinnsson

19.5. Hrafnhildur Kristjánsdóttir

20.5. Jorid Frieb-Preis

21.5. Björg Jónasdóttir

22.5. Dagbjört Sigríður Bjarnadóttir

23.5. Birgir Steingrímsson

25.5. Friðrik Steingrímsson

26.5. Karolina Aleksandra Wróbel

*Húsöndin verður í sauburðarleyfi  
fram til 26.maí.  
Bestu vorkveðjur, Arnþrúður*



## Áform um landnotkun og uppbyggingu

Vegna endurskoðunar Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011 – 2023 sem nú er í vinnslu býðst íbúum og landeigendum í Skútustaðahreppi tækifæri til þess að móta framtíðar landnotkun innan sveitarfélagsins. Íbúar eru hvattir til þess að senda inn hugmyndir og athugasemdir sem nýttar verða við mótun tillögu sem kynnt verður snemmsumars.

Skútustaðahreppur hefur sett sér markmið um að leggja sitt af mörkum í baráttunni við loftslagsbreytingar með uppgræðslu og kolefnisbindingu. Sveitarfélagið er heilsuefandi samfélag og leggur áherslu á að stuðla að lýðheilsu með uppbyggingu mannvirkja sem stuðla að hreyfingu og útivist. Atvinnustefna sveitarfélagsins snýr að því að fjölga atvinnutækifærum í sveitinni, vera vistvæn og nýta styrkleika svæðisins til uppbyggingar.

Hvaða tækifæri sérð þú í gerð nýs aðalskipulags? Landeigendur eru sérstaklega hvattir til að koma sínum hugmyndum á framfæri. Allar athugasemdir skulu berast á netfangið:

[tillaga@skutustadahreppur.is](mailto:tillaga@skutustadahreppur.is)



(English below)

# Plokkhátíð 2021



Priðjudaginn 18.maí - klukkan 16:30

Grímungar / Landeigendur Reykjahlíðar

Flugvallarvegur að Grímstaðaöxl

Mæting við flugvallarveg



Kvenfélagið / Gjallandi

Öxl að Arnarvatni

(að Sandvatnsbrekku)

Mæting við Grímstaðaöxl

Björgunarsveitin / Kiwanis


Akstursþróttafélag Mývatnssveitar

Garður að Másvatni

Mæting við Sel hótél



Fjöregg



Mývetningur / Golfklúbburinn

Reykjahlíðarþorp, gamli vegur frá skóla,

Austurlandsvegur að Kröfluaflleggjara,

vegurinn að Jarðböðunum

Mæting við Dyngjuana



Fjöregg / Landeigendafélag Voga /

Slysavarnarfélagið

Austurlandsvegur að Garði

(Grjótagjárvegur, Hverfjallsvegur

og Dimmuborgarvegur)

Mæting við Björk



Forsvarsmenn félaganna skipuleggja hreinsun á hverjum stað.

Nálgist hanska og poka á hreppnum fyrir 16:00 en við hvetjum einnig fólk til að koma með eigin vinnuhanska.

Gámavöllurinn á Grímstöðum opinn 18.00 - 19.00.

**Daddi's pizza og Skútaís við Jarðböðin 18:00 - 19:30 og frítt í Jarðböðin fyrir ruslatínslufólk.**

Fjöregg hvetur ykkur til að reyna að flokka eins mikið og mögulegt er.

Gott er að losa ruslið úr plast ruslapokum og setja pokana í endurvinnslu.

Við hvetjum fyrirtæki til að taka þátt í deginum og hreinsa í kringum sig.

Ólafur Þróstur +354 894 3433



Annual Clean-up Campaign 2021 - 18.May 16:30

Every spring locals organize picking up garbage around lake Mývatn. Be part of our community and help keep our beautiful area clean.

Please feel free to join any of the teams organized, if you have any questions about where to go, please contact us.

**All participants are invited to the Nature baths 18:00 - 19:30 for Daddi's pizza, Skútaís and free entrance to the baths.**

Ólafur Þróstur +354 894 3433

# HLERAÐ OG HLUSTAÐ

## Hádegisfundaröð URÐUR

URÐUR- tengslanet kvenna í Þingeyjarsýslu mun halda mánaðarlega hádegisfundi sem verður streymt á facebook síðu félagsins. Fundirnir verða alltaf fyrsta föstudag í mánuði klukkan 12:00



Á hverjum fundi verður kona með innlegg og svo verður spjall í boði. Á næsta fundi þann 7. maí næstkomandi mun Jóhanna Vigdís



mæta í streymi og segja okkur frá starfi sínu sem verkefnastjóri í menntamálum hjá Samtökum iðnaðarins og hver veit nema hún taki lagið!

Fylgist með á facebook síðu URÐUR-tengslanet kvenna





# Bokashi - Anaerobic composting

with Bokashi bran



Skútustaðahreppur introduces experimental composting project in Mývatn area. Bokashi composting is a great way to compost organic material (food waste) in an environmental friendly and an easy way. Added benefits are Bokashi juice, rich in nourishment for your plants and only in around one and half month - compost.

To participate, please visit us at municipality offices (Hlíðarvegur 6) in opening hours, buy your set and start.

- **Bokashi set for 6.000,- ISK (50% discount)**  
- offer valid til 20.May 2021
- **Bokashi bran included (enough for a whole year)**
- **Simple and clear instructions included**
- **Support / information / videos included**  
- facebook: Bokashi - Skútustaðahreppur 2021->  
- help provided at municipality offices  
- email: [valerija@skutustadahreppur.is](mailto:valerija@skutustadahreppur.is)
- **We encourage you to use compost at your garden**
- **You can bring your compost to two places available**  
- both sides of the lake
- **Winter solutions will be provided later on**
- **Attn. organic bags from corn are not suitable with Bokashi**



it's possible to **bury Bokashi**  
**in your garden** under  
thin layer of soil



Combine with  
**traditional composting**




Bring it to municipality  
offices or Hótel Gígur  
**(available soon)**



# Bokashi - Loftfirrt jarðgerð

með góðgerlum



Skútustaðahreppur kynnir **tilraunaverkefni með jarðgerð** í Mývatnssveit. Bokashi jarðgerð er frábær leið til að jarðgera lífrænar auðlindir (matarleifar) á **umhverfisvænan og auðveldan** hátt. Þú færð bæði frábæra **næringu fyrir plöntur** með Bokashi safu sem myndast í ferlinu og eins að loknu ferli, sem tekur í heild aðeins um einn og hálfan mánuð, **moltu**.

Til að taka þátt þarftu að líta við á opnunartíma hjá hreppnum og versla þínar tunnur og byrja.

- **Bokashi settið er á 6.000,- ISK (50% afsláttur)**  
- tilboðið gildir til 20.maí 2021
- **Góðgerlar (bran) fylgja með (dugar vel í ár)**
- **Einfaldar og skýrar leiðbeiningar fylgja með**
- **Stuðningur / upplýsingar / myndbönd fylgja með**  
- facebook: Bokashi - Skútustaðahreppur 2021->  
- hægt að fá aðstoð í gegnum hreppinn  
- sendið póst á [valerija@skutustadahreppur.is](mailto:valerija@skutustadahreppur.is)
- **Við hvetjum ykkur til að nota moltu í eigin garði**
- **Hægt verður að losa sig við afurð á 2 stöðum**  
- Sunnan / norðan megin við vatn
- **Lausnir fyrir veturinn verða klárar þegar þar að kemur**
- **Ath. maispokar henta ekki í Bokashi jarðgerð**



Þú getur grafið holu, blandað **gerjaða hráefninu og mold þar** og sett svolitla mold yfir yfirborðið.



Blandið við **hefðbundna moltugerð**



Nýtið ykkur losunarstað við Skútustaðahrepp og Hótel Gíg (**væntanlegt bráðum**)